

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti

Ísafirði 17. febrúar 2021.

*Umsögn. Samráðsgátt, mál 32/2021. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003 og lögum nr. 75/2004 um stofnun Landsnets hf. Drög að reglugerð, aðgerðaráætlun og skýrsla.*

Vestfjarðastofa fer með málefni Fjórðungssambands Vestfirðinga og er þessi umsögn gerð í þess nafni og með vísan til ályktana Fjórðungspings Vestfirðinga um orkumál (sjá viðauka)

Lögð er fram í Samráðsgátt fjögur skjöl og er í þessari umsögn reynt að nálgast hvert skjal fyrir sig en ekki er fjallað um breytingu á reglugerð.

Vestfjarðastofa vill í upphafi setja fram gagnrýni á þann texta sem settur er fram í kynning málsins á Samráðsgátt. Við fyrstu sýn virðist vera hér að ræða að mestu mál er varða stýringu raforkukerfa, efnahagslegan ramma í orkuframleiðslu, dreifingu raforku o.fl.. En þegar gögn eru rýnd þá er komið inn á ýmsa samfélagslega þætti er varða mótun atvinnustefnu, jöfnun lífskjara, sameiningu Orkubús Vestfjarða og Rarik o.fl.. Geta hefði átt þessara samfélagslegu þátta í kynningu á málinu í Samráðsgátt.

### **Drög að frumvarpi til laga um breytingu á raforkulögum.**

2. gr (breyting á 3. gr raforkulaga)

Tekið er undir mikilvægi þess að setja ítarlegri skilgreiningu á hugtakinu raforkuöryggi með nýjum tölulið í raforkulögum. Vísað er til að sett verði reglugerð sem setji nánari skýringar á hugtakinu. Í greinargerð frumvarpsins er farið ítarlega um skilgreiningu raforkuöryggis og gert að tillögu að tengja raforkuöryggi einnig við framboð og eftirspurn eftir orku, auk alls búnaðar til að framleiða og flytja orku. Tilgreint að þessi skilgreining væri hluti útfærslu á raforkustefnu sem síðan væri liður af atvinnustefnu stjórnvalda.

Tilgreint er hugtakið „skynsamleg atvinnustefna“ sem er samþætting á gildandi stefnum stjórnvalda um erlendar fjárfestingar, aðgerðaáætlun stjórnvalda um erlendar fjárfestingar og nýsköpunarstefnu. Sömu stefnur eru tilgreindar er varðar umfjöllun um orkuframboð á hverjum tíma og ekki væri skynsemi í að mæta alltaf allri orkupörf hverju sinni.

Vestfjarðastofa bendir á að taka verði eftirfarandi atriði til umfjöllunar;

- Taka verði inn tilvísun og umfjöllun um stefnumótandi í byggðaáætlun, þingsályktun 24/148 og stefnumörkun Alþingis í flutningsmálum raforku, þingsályktun 26/148. En markmið verkefna byggðaáætlunar í orkumálum draga fram ákveðna stefnu og telur Vestfjarðastofa þá stefnu vera, *að flutnings- og dreifikerfi raforku mæti þörfum atvinnulífs og almennings alls staðar á landinu hvað varðar flutningsgetu og öryggi við afhendingu. Auk þess sem kostir smávirkjana verði kannaðir.*

- Staða landshluta er mjög mismunandi varðandi aðgengi og öryggi í afhendingu á raforku. Staða Vestfjarða er þar sínu verst og vísast þar m.a. til fjögurra áfangaskýrslna starfshóps iðnaðarráðherra um afhendingaröryggi á raforku á Vestfjörðum, nú síðast áfangaskýrslu frá febrúar 2020, en áður hafa komi út skýrslur 2012, 2013 og 2014. Þingsályktun flutningsmál raforku setur Vestfirði ásamt Suðurnesjum og Eyjafjarðarsvæði, sem forgangsvæði í úrbótum á þessu sviði.
- Áhrif á efnahag svæða. Hér er vísað til umfjöllunar í viðauka við drög að Kerfisáætlun 2020-2029. Þar er gerð greining á þróun launatekna frá árinu 1995 og til dagsins í dag. Borin eru saman landssvæði þar sem umframgeta er í framboði á raforku og möguleiki að grípa atvinnutækifæri og þar sem hún er ekki til staðar s.s. á Vestfjörðum. Greiningin leiðir í ljós að launatekjur á norðanverðum Vestfjörðum eru lægri en á öðrum hlutum landsins og hafa verið frá árinu 1995.

Niðurstaða;

*Skynsamleg atvinnustefna* á að taka mið af markmiðum stjórnvalda í byggðamálum og skynsamleg atvinnustefna verður að taka tillit til mismunandi stöðu samfélaga í afhendingaröryggi raforku. Hafa ber að leiðarljósi að raforkuframleiðsla og flutningskerfi raforku sé þjónandi afl fyrir atvinnulíf og samfélag, en ekki hindrun í framþróun.

Vestfjarðastofa gerir þá eindregnu kröfu, að breyting á raforkulögum taki mið af stöðu flutningskerfis og dreifkerfis raforku sem er lakari á Vestfjörðum en í öðrum landhlutum og svigrúm verði að vera til staðar til að byggja það upp. Forðast ber að breyting á raforkulögum hindri landshlutann í að standa jafnfætis við aðra landshluta í samkeppni um fjárfestingar og störf.

### **Skýrsla Deloitte. Greining á regluverki og fyrirkomulag er varðar flutning og dreifingu raforku.**

Bls 26. Hagræða má með sameiningu dreifiveitna raforku o.s.fr.

Hér er fjallað um að ná hagræði í sameiningu dreifiveitna og að beinast liggi við að sameina Orkubú Vestfjarða og Rarik. Vestfjarðastofa leggur til að þessum þætti skýrslunnar verði felldur út og ræddur á öðrum vettvangi.

Bls 34 Tvískipting gjaldskrár o.s.fr.

Deloitte mælir með framlögum af fjárlögum sem leið til að jafna orkukostnað. Verði þá jöfnun orkukostnaðar gagnsærri og betur rýnt sem viðfangsefni. Ókostur við þessa tillögu er að sem fjárlagaliður er málið þá sífellt undir í umræðu í fjármálastefnu og fjárlögum og þeim markmiðum sem sett eru þar undir s.s. almenn hagræðingarkrafa og eins efnahagsáföll. Á þetta reyndi við efnahagshrun 2008 og árum þar á eftir með skerðingum á fjárlagaliðum varðandi jöfnun hitun húsnæðis og jöfnun dreifingarkostnaði og er það tjón óbætt.

Bls 35. Mismunur í dreifingarkostnaði o.s.fr.

Tilgreint er í annarri málsgrein að í Noregi hefur frá árinu 2000 verið heimild í lögum til þess að jafna dreifingarkostnað milli sérleyfissvæða o.s.fr..

Ef rýnt er í heimild skýrslunnar NVE kemur fram að norska ríkið beitir sértækum afsláttum á skilgreindum svæðum í Norður Noregi, með niðurfellingu raforkugjalds og einnig virðisaukaskatts á einstaka svæðum til íbúa og opinberra stofnana. Hér er leið til þess að jafna dreifingarkostnað og takt við álíka aðgerðir sem norsk stjórnvöld hafa fengið samþykkt innan EES sammingsins. Æskilegt hefði verið að skýrsluhöfundar hefðu nefnt þessa leið, úr því verið sé að leita eftir samanburði við Norðurlönd.

*Önnur atriði.*

- Heimildaskrá fylgir ekki með skýrslunni, sem gerir erfiðara að sjá hvaða gögn og hvaða gögn hafa ekki verið rýndi við gerð hennar og því er erfiðara að koma með ábendingar í þeim efnum.
- Listi yfir þá hagsmunaaðila sem rætt var við.
- Skýrslan er gerð með tilstyrk fjármagns af Byggðaáætlun 2020-2024, verkefni B.02 Flutningskerfi raforku og aukið öryggi. Markmið verkefnisins er *Að auka orkuöryggi og efla flutningskerfi raforku. Áfram verði unnið að því að liðka fyrir nauðsynlegri uppbyggingu og viðhaldi á flutnings- og dreifikerfi raforku, tengja betur lykilsvæði og tryggja afhendingaröryggi um land allt til að mæta þörfum almennings og atvinnulífs.* Í frétt ANR (sem verkkaupa) frá 13. nóvember 2020 þá er hvergi vikið að byggða eða samfélaghluta verkefnisins því kemur ekki á óvart að hugtökin, byggðir, byggðamál eða byggðastefna kemur aldrei fyrir í skýrslunni og orðið samfélag einu sinni.

Vestfjarðarstofa telur að taka hefði átt byggða og samfélagsmál til umfjöllunar við gerð skýrslunnar og staða og áhrif þeirra þátta metin samhliða kerfislegum og efnahagslegum þáttum.

Vill Vestfjarðastofa gera tillögu til ANR að ráðuneytið kalli til nýjan starfshóp sem rýni niðurstöður skýrslu Deolitte út frá markmiðum, áherslum og verkefnum Byggðaáætlunar 2018-2023, Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 og þingsályktunar um flutningsmál raforku.

### **Aðgerðir til umbóta á regluverki á sviði raforkumála.**

Í upphafi minnisblaðs er lýst markmiðum við gerð þess, þar segir

*Markmið: Umbætur sem miða að því að auka gagnsæi á regluverki og fyrirkomulagi er varðar flutning og dreifingu raforku, stuðla að betri skilningi á forsendum ákvarðanatöku, auka skilvirkni, einföldun og hagkvæmni sem skili sér almennt í lægri gjaldskrá til notenda án þess að gæðum*

sé fórnað. Markmið breytinganna er að stuðla almennt að auknum hvata til hagræðingar hjá sérleyfisfyrirtækjum og að tryggja skilvirkt og gagnsætt eftirlit.

Vestfjarðastofa telur að efni minnisblaðsins eigi að vera víðtækara með vísan til markmiða sem sett eru í verkefni B2, Byggðaáætlunar og það mat Vestfjarðastofu að skýrsla Deolitte virðist vera greidd af verkefnafjármagni B2 verkefnisins *Flutningskerfi raforku og aukið orkuöryggi*. En markmið þess verkefnis eru; Að auka orkuöryggi og efla flutningskerfi raforku.

Áfram verði unnið að því að liðka fyrir nauðsynlegri uppbyggingu og viðhaldi á flutnings- og dreifikerfi raforku, tengja betur lykilsvæði og tryggja afhendingaröryggi um land allt til að mæta þörfum almennings og atvinnulífs.

### 3. Yfirsýn og eftirlit með fjárfestingaráætlunum dreifiveitna.

Viðfangsefni dreifiveitna eru ólík. Þannig nýtur dreifiveita Orkuveitu Reykjavíkur ákveðins forskots í afhendingaröryggi á við aðrar dreifiveitur, með bakstuðning af öflugum flutningakerfi raforku fyrir stórnotendur á höfuðborgarsvæði og nágrenni. Mögulega væri ástæða til að gera úttekt á þessu forskoti í samanburði á kostnaði við aðrar dreifiveitur.

Orkubú Vestfjarða og Rarik reka og bera ábyrgð á dreifikerfi sem þjónar minni samfélögum og strjálbýli. Staða dreifikerfisins þeirra var þannig stutt í upphafi þessara aldar að það var ekki að svara framþróun atvinnulífs m.t.t. afhendingaröryggis og gæða (einfasa rafmagn). Áhrif óveðra hafa gert vandamálin sýnilegri og hraðað úrbótum þar sem áhrifin hafa verið verst. Mál þessi hafa nú verið tekin fastari tókum m.a. undir verkefnum B1 og B2 í Byggðaáætlun en enn er mikið verk ólokið en vænst er að þeim ljúki 2024, ef fjármagn er til reiðu.

### 8. Könnun á sameiningu Orkubús Vestfjarða ohf og Rarik ohf.

Hugmyndir um flutning á yfirstjórn Rarik frá höfuðborgarsvæðis komið fram á síðustu áratugum en ekki náð fram að ganga.

Mál þetta er mun stærra en svo að það sé unnið undir formerkum umbóta á regluverki á sviði raforkumála og krefst Vestfjarðastofa að það sé tekið af dagskrá og fari ekki lengra í vinnu að frumvarpi eða öðrum þáttum þessa máls.

Annað. Frá sjónarhóli ríkisins sem eigenda félaganna er vissulega margvísleg samlegðaráhrif. Reynslan hefur því miður sýnt að rekstrarhagræðing hverfur með tíð og tíma inn í ríkissjóð, en lækkun til neytenda þynnist út ef ekki er gert um leið fullnægjandi endurbætur á dreifikerfinu.

f.h. Vestfjarðastofu

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar

## Viðauki.

Ályktanir 65. Fjórðungspings Vestfirðinga um orkumál.

### Orkumál atvinnulífs

65. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í fjarfundi dagana 9.-10. október 2020 vísar í umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga um Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 þar sem farið er ítarlega yfir annmarka og kosti Kerfisáætlunar fyrir Vestfirði.

Afhendingargeta raforku á Vestfjörðum ásamt annmörkum á afhendingaröryggi á svæðinu eru takmarkandi þáttur vaxtar atvinnulífs á svæðinu. Nefna má í þessu samhengi til dæmis stækkun seiðaðisstöðvar Háafells á Nauteyri, uppbyggingu kalkþörungaverksmiðju í Súðavík, því sem næst alla atvinnuuppbyggingu í Árneshreppi svo nokkur dæmi séu nefnd. Síðan er hafin þróun í orkuskiptum atvinnulífs og mun sú þróun að líkum verða hröð á komandi árum.

Í Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 er gerð greining á þróun launatekna almennings og hlutfallslegri afhendingargetu raforku á árabílinu 1992-2016 til þéttbýlisstaða á Íslandi. Niðurstöður greiningarinnar gefa skýrt til kynna að hin lága afhendingargeta raforku á Vestfjörðum hefur leitt til lægri launatekna á undanförunum áratugum og er því einn lykilþáttur fyrir neikvæðri þróun atvinnulífs og samfélaga. Ekki verður við það búið að þessi staða haldi áfram og verður að tryggja svæðinu sömu forsendur til vaxtar og annarra landshluta.

Þessu til viðbótar er eðlileg krafa að samfélög á Vestfjörðum geti keppt um orkufrek atvinnutækifæri við aðra landshluta ef það fellur að atvinnustefnu svæðisins. Fjórðungssamband Vestfirðinga og Vestfjarðastofa gera eindregna kröfu um þetta mál verði fjallað í Kerfisáætlun 2020-2029.

Miðað við tímasetningar verkefna á Vestfjörðum sem kynntar eru í framkvæmdaáætlun 2020- 2024 og langtímaáætlun Kerfisáætlunar 2020-2029, þá er tæpt á að þær nái að fylgja þróun þeirrar sviðsmyndar sem Fjórðungssambandið og Vestfjarðastofa telja líklegasta til að lýsa framtíðarþróun í atvinnu- og mannlífi Vestfjarða, Vestfirðir í sókn.

Alþingi hefur með þingsályktunartillögu um flutningsmál raforku (26/148) sett Vestfirði í forgang. 65. Fjórðungsping Vestfirðinga hvetur til þess að Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 fjalli betur um hvernig forgangur í málum Vestfjarða kemur fram. Að óbreyttu yrði staða Vestfjarða áfram líkt og um áratuga skeið um að framþróun í afhendingaröryggi verður stigi á eftir öðrum landshlutum og eða framkvæmdir eru eftir á í tíma. Við það verður ekki unað.

### Orkumál samfélaga

65. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í fjarfundi, dagana 9. og 10. október 2020 vekur athygli á skýrslu samstarfshóps iðnaðarráðherra um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Skýrslan kom út í febrúar 2020 og er framhald af vinnu samstarfshópsins sem starfað hefur frá árinu 2011.

Samhljómur er í efni skýrslunnar við áform orkufyrirtækja og flutningsfyrirtækja raforku um bættu flutningsgetu og afhendingaröryggi raforkukerfisins á Vestfjörðum. Atvinnulíf á Vestfjörðum er hér leiðandi aðili í krafti eftirspurnar og gæðakrafna um afhendingu raforku og slík þróun kemur samfélögnum á Vestfjörðum samhliða til góða.

65. Fjórðungsþing Vestfirðinga vill hinsvegar ítreka að meginhluti íbúðarhúsnæðis á Vestfjörðum er hitaður með raforku. Samkvæmt samantekt Bygðastofnunar er húshitunarkostnaður allt að 100% hærri í þéttbýli á Vestfjörðum í samanburði við þéttbýli sem hefur aðgengi að hitaveitu. Mismunur í hitun íbúðarhúsnæðis í dreifbýli er enn hærri eða hátt í 200%. Hækkun framlaga til niðurgreiðslu kostnaðar við húshitun ná því ekki náð að jafna samkeppnisstöðu samfélaga á Vestfjörðum við aðra landshluta.

Til framtíðar litið, mun kostnaður íbúa á Vestfjörðum líklega aukast verulega og þar með krafa um auknar niðurgreiðslur. En spár eru um hækkandi verð raforku og dreifingu hennar, sem og minna aðgengi að svonefndri „ótryggri orku“ til að kyndingar fjarvarmaveitna. Stjórnvöld verða að horfa til langtímalausna og bendir 65. Fjórðungsþing Vestfirðinga á tillögur samstarfshóps iðnaðarráðherra í þessum efnunum;

- Efnahagsleg og félagsleg greining á þýðingu jarðhita fyrir minni byggðarlög.
- Kanna þarf leiðir til þess að greiða niður eignastofn vegna dreifingar raforku í dreifbýli.
- Skoða betur möguleika á uppsetningu lághitavirkjana á svæðum sem eru með yfir 100°C hita.
- Frekari kortlagning á jarðhitakostum á Vestfjörðum.
- Samræma vegagerð og strenglagnir vegna raforkuflutnings og dreifingar.

65. Fjórðungsþing Vestfirðinga gerir því kröfu á iðnaðarráðherra að leysa orkumál samfélaga á Vestfjörðum. Verði auknum fjárveitingum veitt til að hrinda tillögum samstarfshóp ráðherrans í framkvæmd m.a. með auknum framlögum til Orkusjóðs og Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024.